

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 — 1973

21. nóvember 1973.

613

Nr. 328.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954 um sölu og veitingar áfengis.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 40% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt það í heilum eða hálfum flöskum, en þegar sala fer fram í minni skömmtum er veitingastað heimilt að leggja allt að 80% á kaupverðið. Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja þjónustugjald og söluskatt, eftir þeim reglum, sem um þau gjöld gilda.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að. Skal í verðskránni miðað við það, að endanlegt verð veitinga til neytenda standi ávallt á heilum eða hálfum tug króna, þannig að verðið hækki eða lækki í þá fjárhæð samkvæmt almennum reglum.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 321 20. desember 1972 um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. nóvember 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.